

Aelurostrongylus abstrusus; tíðni, smitleiðir, einkenni, greining og meðhöndlun

Tíðni

Hjarta- og lungnaormar eru sníkjudýr sem eru algeng um allan heim en eru að greinast í vaxandi mæli í hundum og köttum í Evrópu. Lungnaormurinn *Aelurostrongylus abstrusus* er þekktasti kattalungnaormurinn og er talinn vera sá algengasti um allan heim meðal heimiliskatta. Lungnaormur þessarar tegundar hefur aldrei fyrr greinst á Íslandi, hvorki í einangrunarstöð né í köttum hér á landi. Dýraheilbrigðisyfirvöld vilja grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að hindra að sníkjudýrið taki sér bólfestu hér á landi.

Smitleiðir

Köttur sem er aðalhýsill lungnaormsins getur smitast við að éta smitaða snigla, nagdýr, fugla eða önnur dýr sem bera í sér lirfustig ormsins (L3). Úr maga kattarins fara lirfurnar á skrið og bora sér úr maga í gegnum kviðar- og brjósthol og koma sér fyrir djúpt í lungnavef þangað sem lirfurnar ná innan sólarhrings. Í lungunum þroskast lirfurnar í fullorðinsstig. Karldýr eru um 7mm en kvendýr um 10mm. Eftir 4-6 vikur byrja kvendýrin að verpa eggjum sem svo klekjast í öndunarfarunum í lirfur. Kötturinn hóstar upp lirfum (L1) og kyngir. Lirfurnar berast í gegnum meltingarveginn og skiljast út með hægðum. Lirfurnar eru þá allt að 400 µm langar. Úr saur geta lirfurnar borað sér leið inn snigla, sem eru millihýslar en í þeim þroskast lirfur yfir í L3 lirfustig. Ferlið tekur mislangan tíma en gengur hraðar við hækkandi hitastig. Ýmis dýr sem éta snigla, svo sem nagdýr og fuglar geta smitast af og borið áfram lirfur á L3 stigi. Sjá mynd 1. Smit getur ekki borist beint frá einum ketti í annan án viðkomu í sniglum sem millihýsli.

Sjúkdómseinkenni

Lungnaormarsýking getur verið einkennalaus eða valdið allt frá vægum til alvarlegra klínískra öndunarfæraeinkenna vegna berkju- og lungnabólgu, jafnvel fá sumir kettir vökva eða loft í brjósthol. Helstu einkenni geta verið nefrennsli, ör eða erfið öndun með eða án hósta. Í alvarlegustu tilfellunum getur smitið valdið dauða. Kettlingar geta smitast beint frá móður í gegnum fylgju og/eða með móðurmjólk, og eru í meiri hættu að fá alvarleg einkenni vegna óþroskaðs ónæmiskerfis og berkjur eru þrengri. Þó hjarta- og lungnaormar hafi hingað til einungis greinst í innfluttum dýrum og tekist hafi, að talið er, að uppræta smitið, þá eru bæði hunda- og kattaegendur með dýr sem sýna þrálát öndunarfæraeinkenni eða hósta almennt hvattir til að leita til dýralæknis með dýr sín til skoðunar þar sem margar ólíkar ástæður geta verið fyrir svipuðum öndunarfæraeinkennum.

Greining

Smitið er hægt að greina í saursýni þar sem oftast eru notaðar hefðbundnar flotaðferðir á saur með eftirfylgjandi smásjárskoðun til að greina lirfur, eða sérhæfða PCR rannsókn sem þá er næmari aðferð. Einnig er hægt að nota PCR rannsókn á stroksýni úr koki, eða rannsaka saltvatnsskol úr barka en hið síðastnefnda myndi krefjast svæfingar. Fyrstu fjórar til sex vikur eftir smit er erfitt að greina sjúkdóminn þar sem kvendýr ormsins byrjar ekki að leggja egg fyrr en að þeim tíma liðnum, þegar fullum þroska er náð.

Meðhöndlun

Lungnaormurinn er almennt næmur fyrir fleiri tegundum af sníkjudýralyfjum, bæði í töfluformi, pasta eða sem blettunarlausn til útvortis notkunar, sem þá sogast upp í gegnum húð. Mælt er með þremur meðhöndlunum með mánaðar millibili. Ef notuð er útvortis meðferð er afar mikilvægt að hindra að kettir sleiki hver annan á blettunarstaðinn (í hnakka eða á milli herðablaða), sérstaklega fyrstu dagana eftir meðhöndlun. Til að dýrið teljist laust við smitið þarf að sýna fram á tvö neikvæð saursýni með um mánaðarmillibili þar sem eggjaframleiðsla getur gengið í bylgjum. Afar mikilvægt er að kettinum sé haldið inni þangað til hann telst laus við smitið svo tryggt sé að smitandi lirfur berist ekki út í náttúruna og millihýsla, þar sem það yrði ógjörningur að losna við smitið.

